

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar er byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald.

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 5.972 kr. pr. íbúð og 219 kr. pr. fermetra húss.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 18.283 kr. pr. eign og 242 kr. pr. fermetra húss.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- Álagning skv. a-, b- og c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.

2. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

3. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>Kr./m³</i>
fyrstu 100.000 m ³	38
100.000-250.000 m ³	34
eftir 250.000 m ³	31

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkurbyggðar leggur til.

Önnur gjöld:

- Lokunargjald kr. 25.000
- Útkall kr. 20.423

Skráður notandi:

- er ábyrgur fyrir notkun og greiðslum,
- skal tilkynna notendaskipti,
- kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans og greiðir fyrir þær.

Greiða skal fyrir hverja heimlögn sem tengir húsveitu við dreifikerfi Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar, umsókn skal greidd og samþykkt áður en til framkvæmda kemur.

Öllum umsóknum um heimlögn skulu fylgja teikningar af nýrri heimlögn og einnig ef um breytingar heimlagna er að ræða.

Greiða skal fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda á dagvinnutíma, á útkall utan dagvinnutíma reiknast 55% álag á útkallsgjald.

4. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
að 32 mm	17
40 mm	17
50 mm	20
80 mm	49
100 mm	88

5. gr.

Heimæðargjald.

<i>Dvermál inntaks</i>	<i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd, kr./m</i>
25 mm	301.885	14.164
32 mm	436.055	14.164
40 mm	553.454	14.164
50 mm	737.939	14.164
63 mm	1.039.823	14.164
75 mm	1.475.876	14.164
90 mm	2.173.758	14.164

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 20 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Gjald fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2021) október 2024, 121,0 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 19. nóvember 2024 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2025. Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar, nr. 1592/2023.

Dalvíkurbyggð, 21. nóvember 2024.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.